

25. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda haldinn 15. og 16. október sl. hvetur Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að bregðast strax við því ófremdarástandi sem upp er komið í ýsuveiðum.

Í nokkra mánuði hefur ekki verið hægt að fá leigðar veiðiheimildir í ýsu. Afleiðingar þess eru að fjöldi báta verður að stöðva veiðar á næstu dögum án þess að vera komnir í kvótaþurrð í öðrum tegundum. Við það minnkar framboð á línuveiddri ýsu, verðmæti lækkar, auk þess sem sjómenn og beitningafólk missir atvinnuna.

Aðalfundur LS skorar á ráðherra að koma í veg fyrir þessi vandamál með því að setja í reglugerð að ýsa veidd á línu fram til næstu áramóta reiknist ekki til afla- eða krókaafلامarks hvers báts þar sem viðmiðunin verði 30% af ýsuafli viðkomandi á sl. fiskveiðiári.